

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld sbr. 83. gr. b., 3. tölulið skiptalaganna. Auk þess eru skipagjöldin tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Frávik og gildistaka.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1.275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 10. mars 1989, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir íslenskar hafnir nr. 43, 25. janúar 1988.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrám rafveitna.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, sbr. og lög nr. 6, 27. febrúar 1989, um breytingu á lögum nr. 56, 16. maí 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, hefur Verðlagsstofnun heimilað og ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, frá og með 10. mars 1989 og Rafveitu Akraness, frá og með 15. mars 1989:

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 326, 29. júní 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Gjaldskrá Rafveitu Akraness, nr. 354, 11. júlí 1988.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 8.0%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1989.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.